



7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

ÁSKORUN UM BÆTT STARFSUMHVERFI OG HANDLEIÐSLU FYRIR KENNARA

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17. - 18. maí 2018 beinir því til samninganefndar FG að í næsta kjarasamningi verði fundnar leiðir til að draga úr kulnun kennara í starfi. Handleiðsla þarf að standa félagsmönnum FG til boða þeim að kostnaðarlausu.

GREINAGERÐ:

Kennarar eins og aðrir í umönnunarstörfum eru útsettari en margar starfsstéttir fyrir kulnun í starfi. Síðustu ár hefur þörf félagsmanna aukist fyrir þjónustu VIRK vegna streitu og kulnunar. Helstu orsakir þess eru mikið álag, þungir nemendahópar, að komast ekki yfir verkefni, skortur á stuðningi frá stjórnendum, agavandamál og það vantar bjargir. Ábyrgðin er ekki á höndum kennarans heldur þarf að vinna með skólaumhverfið sjálft. Mikilvægt er að kennurum líði vel í vinnunni, þeir hafi skýra verklýsingu og þeir finni að þeir skipti máli. Vinnuaðstæður eru hluti af starfsemi en ekki sérverkefni og mikilvægt er að samninganefnd finni leiðir til að bregðast við þessum vanda.

Þar til að sér til lands er mikilvægt að veita þeim kennurum sem á þurfa að halda fría handleiðslu því vellíðan starfsmanna er allra hagur. Með handleiðslu er t.d. átt við aðstoð frá sálfræðingi, geðlækni, handleiðara eða markþjálfara.